

um frv. til I. um Seðlabanka Íslands.

Frá 2. minni hl. fjárhagsnefndar.

Fjárhagsnefnd hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu þessa frv. Meiri hl. n., þeir ÓB, MJ og JP, mælir með samþykkt þess án breytinga. KK er frv. andvígur. Ég tel hins vegar, að veigamestu ákvæði frv. séu til bóta frá nügildandi lögum, en er mótfallinn ýmsum einstökum atriðum öðrum.

Fullkominn skipulagslegur aðskilnaður Seðlabankans og Landsbankans verður að teljast meginefni þessa frv., ásamt þeim ákvæðum þess, sem tryggja úrslitavald Alþingis og ríkisstjórnar um stefnu bankans í efnahagsmálum. Stórt spor var stigið í þessa átt með bankalöggjöf þeirri, sem sett var 1957, en þar var þó skemmra gengið en æskilegt hefði verið, þar sem enn héldust nokkur skipulagstengsl Seðlabanka og Viðskiptabanka og ekki var fulltryggt, að stjórn Seðlabankans væri ávallt svo skipuð, að ekki yrðu árekstrar milli hennar og stefnu Alþingis og ríkisstjórnar.

Að því leyti sem þetta frv. bætir úr nefndum ágöllum löggjafarinnar frá 1957, verður að telja það spor í rétta átt, og er í samræmi við skoðanir Alþýðubandalagsins fyrr og síðar. Hins vegar er ljóst, að jafnhliða þessari breytingu hefði verið nauðsynlegt að gera fleiri skipulagsbreytingar á bankamálunum, m. a. af hagkvæmnisástæðum. Er þar ekki sízt að nefna það, að leggja hefði átt Framkvæmdabankann niður og leggja störf hans í hendur Seðlabankans og viðskiptabankanna eftir eðli þeirra. Hefði af slíkri ráðstöfun getað orðið verulegur sparnaður í heildarrekstri bankakerfisins, en ógagn ekkert. En ríkisstjórnin virðist ekki hafa neinn áhuga fyrir raunhæfum sparnaðaraðgerðum í þessum efnum fremur en öðrum, sem snerta embættismannakerfið. Þannig eiga nú samtals 14 bankaráðsmenn og bankastjórar að stjórna tveim hönkum, þar sem einn banki með helmingi færri stjórnendum og stórum minna starfslíði hefði auðveldlega nægt. Tvær hagfræðideildir, sín við hvorn banka, eiga að vinna nákvæmlega sama verkefni, en auk þeirra vinna að skyldum störfum Hagstofa Íslands og efnahagsmálaráðuneyti, sem núverandi ríkisstjórn hefur stofnað. En þrátt fyrir allar þessar stofnanir eru hagskýrslugerðir að ýmsu leyti í molum og ófullkomnari en víðast annars staðar. Fjölgun bankastjóra við Seðlabankann úr 2 í 3, jafnframt því sem starfssvið hans er þrengt, er svo hámark þessarar skipulagslausu útþenslustefnu.

Með ákvæðum 5. gr. frv. er fyrirhugað, að stofnlánadeild sjávarútvegsins verði sérstök deild í seðlabankanum. Ákvæði þessarar gr. stríða gegn meginefni frv., þar sem störf stofnlánadeildarinnar eru eingöngu þess eðlis, að þau eiga heima í viðskiptabanka. Einnig verður að telja það óhagkvæmt, að fleiri bankar en einn gegni því hlutverki að sjá útveginum fyrir stofnlánum. Stofnlánadeildina hefði því átt að sameina Fiskveiðisjóði Íslands og fela honum forsjá þeirra nýju lánaflokka, sem nú er fyrirhugað að opna til handa útveginum og bæta eiga að nokkru aðstöðu hans vegna þeirrar lánsfjákræppu, sem núv. ríkisstjórn hefur skapað.

Með ákvæðum bankalöggjafarinnar frá 1957 var stjórn Seðlabankans heimilað að ákveða, að bankar og sparisjóðir skyldu geyma hluta af innstæðufé sínu í Seðlabankanum, og var sú heimild frá upphafi einungis hugsuð sem öryggi gagnvart stærstu sparisjóðunum og hönkunum, enda aldrei notuð fyrr en af núv. ríkisstjórn. Með efnahagslögum frá s. l. ári aflaði ríkisstjórnin svo heimildar til þess, að innstæðufé innlánsdeilda samvinnufélaga yrði fest í Seðlabankanum. Bæði þessi heimildarákvæði eru nú felld inn í þetta frv. nokkuð breytt. Að því er þessi ákvæði taka til innlánsdeilda samvinnufélaganna og smærri sparisjóða og með hliðsjón af því, hvernig núv. ríkisstjórn hefur notað og hyggst nota þessar heimildir, er ég þeim algerlega andvígur og mun flytja eða styðja breytingartillögur samkvæmt því. Það á ekkert skylt við skynsamlega heildarstjórn á peningamálum þjóðarinnar að svipta samvinnufélögin því rekstrarfé, sem félagsmenn þeirra leggja þeim til með því að efla innlánsdeildirnar, — né heldur þær illræmdu ráðstafanir að krefja smáa sparisjóði í fjárvana byggðarlögum um verulegan hluta af umráðafé sínu og það jafnvel þótt engin aukning á því eigi sér stað. En slíkt getur hins vegar valdið algerlega óþörfum erfiðleikum og helzt þar, sem sízt skyldi.

Alþingi, 20. marz 1961.

Björn Jónsson.